

**Brjef stjórnarráðsins til prófasta um ársreikninga þeirra yfir tekjur og gjöld Prestlaunasjóðs.** **125**

31. okt.

Jafnframt því að senda yður, herra prófastur, 20 eintök af eyðublöðum undir reikninga yfir tekjur og gjöld Prestlaunasjóðsins í prófastsdæmi yðar, skal stjórnarráðið taka fram reikningsskilum þessum viðvíkjandi það, sem hjer segir:

Ef svo stendur á, þá er reikningurinn er saminn, að ofmikið fje hafi verið sent prófasti úr Prestlaunasjóði, og upphæðin er innan við 100 kr., þá er ekki þörf á að endursenda landsfjehirði það, heldur má geyma það upp í næsta árs útgjöld. Þess vegna er í reikningsfyrirmyndinni fyrsti liður tekjumegin »Í sjóði frá f. á.« Undir III. lið tekjumegin ber að tilfæra sóknartekjurnar í hverri sókn, ekki aðeins í þeim prestaköllum, þar sem sóknarpresturinn er kominn undir hin nýju launakjör, heldur einnig í þeim prestaköllum, þar sem sóknarpresturinn á að fá uppbót úr Prestlaunasjóði fyrir tekjumissi samkv. 12. gr. laga nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld; eiga sóknartekjureikningarnir úrskurðaðir af prófasti að fylgja.

Í þeim prestaköllum, þar sem engin slík uppbót greiðist úr Prestlaunasjóði eru sóknartekjurnar aftur á móti sjóðnum óviðkomandi, og færast því ekki inn í reikninginn.

Undir IV. lið á að tilfæra það fje, sem prófastur hefir tekið á móti frá landsfjehirði eða útborgað hefir verið af honum samkvæmt ávísun prófasts. Ber að geta hverrar einstakrar upphæðar svo og dagsetningar á brjefi landsfjehirðis, sem fylgir hverri sendingu.

Um útgjaldahlið reikningsins er ekki annars að gæta, en að láta honum fylgja kvittun prestanna fyrir launum og erfiðleikauppbótum, svo og kvittun þeirra presta, er uppbót eiga að fá samkvæmt 12. gr. sóknargjaldalaganna. Verður að færa til útgjalda alla meðaltalsupphæð sóknarteknanna, svo sem hún hefir verið úrskurðuð af stjórnarráðinu, þar sem hinar árlegu sóknartekjur hlutaðeigandi presta hafa verið færðar tekjumegin.

Til hægðarauka fylgja hjermeð eyðublöð undir launakvittanir presta, sem komnir eru á föst laun.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógeta um fiskiveiða- og hlunnindaskýrslur.** **126**

4. des.

Hjermeð sendast yður, herra sýslumaður, eyðublöð undir eftirfarandi skýrslur:

- eintök undir hreppstjóraskýrslur um hlunnindi,
- — — — — um róðrabáta og mótorbáta,
- — aflaskýrslur róðrabáta og mótorbáta,
- — — — — fyrir botnvörpuskip,
- — — — — fyrir seglskip og fiskigufuskip (önnur en botnvörpuskip),
- — bráðabirgðaskýrslur fyrir seglskip, botnvörpuskip og önnur fiskigufuskip.

**126** Skýrslur þessar koma í staðinn fyrir fiskiveiða- og hlunnindaskýrslur þær,  
4. des. sem hingað til hafa verið gefnar.

Það hefir verið kvartað yfir því, að skýrsluform þau, sem hingað til hafa verið notuð, hafi verið að sumu leyti mjög óhentug, svo að jafnvel hafi eigi verið unt að útfylla þau nema eftir ágiskun; einkum hefir það verið sagt um þilskipaskýrslurnar. Stjórnarráðið hefir því tekið skýrsluform þessi til gagngerðrar endurskoðunar, og breytt þeim töluvert. Hefir það tvent verið haft fyrir augum, að þau yrðu sem auðveldust að útfylla fyrir skýrslugefendur, og veittu jafnframt sem áreiðanlegastan fróðleik.

Um nýju skýrsluformin skal tekið fram það sem hjer segir:

A. Skýrslurnar um *hlunnindi* eru óbreyttar frá því sem áður var, einungis eru þær látnar vera útaf fyrir sig, en ekki með skýrslum um bátfiski, eins og áður hefir tíðkast. Hreppstjórar gera skýrslur þessar fyrir sinn hrepp um hver áramót, eins og að undanfögnu.

B. Um *afla róðrabáta og mótorbáta* skal gefa sjerstaka skýrslu fyrir hvern bát. Skýrsluna gefur útgerðarmaður eða formaður bátsins í lok hvevrrar vertiðar, og skal hann þegar senda hana frá sjer til hreppstjóra eða bæjarfógeta, er gerir yfirlitsskýrslu fyrir hverja vertið, um báta þá, sem gengið hafa til fiskjar í hreppnum eða kaupstaðnum á undanfarinni vertið, og lætur aflaskýrslur bátanna fylgja henni sem fylgiskjöl. Aftur á móti fellur í burtu skýrsla sú, sem hreppstjórar og bæjarfógetar hafa hingað til gert um afla fiskibáta um hver áramót.

Bátaskýrslurnar með fylgiskjöllum eiga hreppstjórar að senda frá sjer til sýslumanns innan hálfsmánaðar frá vertiðarlokum, en sýslumaður sendir þær aftur þegar í stað til stjórnarráðsins. Aftur á móti hverfa yfirlit þau, sem sýslumenn hafa gjört um afla á opnum bátum í sýslunni, en auðvitað ber þeim að ganga eftir því, að hreppstjórar sendi frá sjer skýrslurnar í tæka tíð, og aðgæta, hvort viðunanlega er frá þeim gengið. Skýrslurnar um afla á opnum bátum fyrir árið 1912 verða í sama formi sem að undanfögnu, en um það, sem aflast eftir næstu áramót, skal gjöra skýrslur eftir nýja forminu.

C. Helsta breytingin, sem gjörð hefir verið á *aflaskýrslum þilskipanna*, er sú, að í stað þess að tilgreina tölu fiskjarins, skal nú tilgreina þyngd hans, eins og hann er seldur, hvort heldur fullverkaður, hálfverkaður, saltaður eða nýr, eða eins og hann er í höndum útgerðarmanns, þegar skýrslan er gefin, og enn fremur verð aflans, bæði það, sem fengist hefir fyrir það sem selt er, og verð þess, sem eftir kann að vera í höndum útgjörðarmanns um áramót. Útgjörðarmaður skipsins skal gjöra skýrsluna, og skal hann senda hana frá sjer til sýslumanns eða bæjarfógeta fyrir miðjan febrúarmánuð, ef um botnvörpuskip er að ræða, en fyrir miðjan janúarmánuð, sje um annað fiskiskip að ræða.

En auk þessara skýrslna skulu skipstjórar á öllum þilskipum gjöra bráða-birgðaskýrslur í vertiðarlok um afla skipanna á undanfarandi vertið. Skal þar aðeins tilgreina aflann í heild sinni eftir fiskatölu, en sundurliðun í tegundir fer eftir áætlun skipstjóra. Er ekki gert ráð fyrir fullkominni nákvæmni í skýrslum

þessum, því að þær eru aðeins bráðabirgðaskýrslur til þess að fá nokkra hugmynd um, hvernig aflinn skiftist eftir árstíðum. Skýrslur þessar skal senda sýslumanni eða bæjarfógeta innan hálf mánaðar frá vertíðarlokum, en hann sendir þær þegar til stjórnarráðsins. 126  
4. des.

Bráðabirgðaafskýrslurnar fyrir þilskipin koma fyrst til framkvæmda á næsta ári (1913), en hinsvegar væntir stjórnarráðið þess, að sýslumenn og bæjarfógetar sjái til þess, að hið nýja form fyrir ársskýrslum útgjörðarmanna verði þegar notað um næstu áramót undir skýrslur um afla botnvörpuskipa og annara fiskiskipa á yfirstandandi ári (1912).

### **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um dvalarsveit þurfalings. 127**

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 16. október þ. á., hefir hingað borist erindi hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 9. september þ. á., er ákveður, að Skefilsstaðahreppur í tjeðri sýslu skuli vera laus við kröfur Hólshrepps útaf sveitarstyrk veittum Benedikt nokkrum Benediktssyni. 17. des.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Hólshrepps, að með því að stjórnarráðið verður að telja hinn áfrýjaða úrskurð rjettan, á hann að standa óhaggaður.

### **Úrskurður**

#### **sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu:**

Benedikt nokkur Benediktsson, sem viðurkendur er sveitlægur í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu, en var ráðinn vinnumaður að hálfu í Hvammkoti í Skefilsstaðahreppi hjer í sýslu krossmessuárið 1911—1912, og var að hálfu húsmáður þar, fjekk sig lausan úr vistinni um veturinn, til þess að leita sjer atvinnu við sjóróðra og fór til Bolungarvíkur í Ísafjarðarsýslu í því skyni. Þegar þangað kom veiktist hann og var, að því er virðist að tilhlutun hreppsnefndar Hólshrepps, lagður á sjúkrahúsið á Ísafirði, og kostaði dvöl hans þar, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, 228 kr. 10 au. Hólshreppur hefir síðan krafði Skefilsstaðahrepp um  $\frac{1}{3}$  hluta þessarar upphæðar, sökum þess, að hinn síðarnefndi hreppur verði að teljast dvalarhreppur umrædds þurfamanns. Kröfu þessari hefir hreppsnefnd Skefilsstaðahrepps neitað með öllu, þarsem Hólshreppur hafi verið dvalarhreppur hans, er hann varð styrksþurfi, en heimilisfangi hans og dvöl í Skefilsstaðahreppi slitíð.

Ágreiningur þessi leiddi til þess, að þjer, herra sýslumaður, óskuðuð þess, í brjefi, dags. 30. júlí þ. á., að úrskurður yrði lagður á málið.

Eftir þeim málavöxtum, sem að framan er getið, verður eigi litið svo á, að Skefilsstaðahrepp eigi að telja dvalarsveit umrædds þurfamanns, í þeim skiln-